

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

- | | |
|---------------------------------------|------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli | kr. 27.700 |
| b) Aukasorpilát í þéttbýli | kr. 13.800 |
| c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús | kr. 11.900 |

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>	<i>kr./kg m.vsk</i>
Pressanlegur úrgangur	15,82
Ópressanlegur úrgangur	23,73
Málað timbur eða plasthúðað	23,73
Óflokkaðir málmar	3,97
Blandaður pappír	17,43
Dagblöð og tímarit	17,43
Plastumbúðir, harðplast	15,82
Fatnaður	15,82

	<i>m³</i>	<i>kr. m.vsk.</i>
Móttökugjald fyrir einstaka farma	0,25	832
	0,5	1.664
	0,75	2.496
	1	3.327

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 20. desember 2011 staðfestist hér með samkvæmt stöð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1123/2010.

Búðardal, 20. desember 2011.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.